

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1182
komudagur 3.3.2014

Alþingi – nefndarsvið
nefndarsvid@althingi.is

153. mál. Breytingartillaga við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (m.a. varðandi aflahlutdeild í rækju) - Umsögn Dögunar ehf.

3. mars 2014

Að ósk nefndarsviðs Alþingis hafa forsvarsmenn Dögunar ehf farið yfir breytingartillögur við ofangreind lög um stjórn fiskveiða.

Vísað er til ítarlegs álits sem Dögun sendi þann 2. desember s.l. við þeim frumvarpsdrögum sem þá lágu fyrir. Rétt er að áréttu að Dögun leggst alfarið gegn tillögum í frumvarpinu um að á ný verði komið á aflahlutdeild í úthafs rækju. Frjáls rækjuveiði hefur skilað greininni auknu hráefni og þjóðinni aukinni atvinnu og gjaldeyristekjum. Frjálsar veiðar hafa reynst prýðilega undanfarin ár og leggur Dögun eindregið til að veiðar verði áfram frjálsar.

Dögun áréttar einnig sérstaklega þau atriði sem ítarlega var fjallað um í fyrra áliti og snúa að veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar. Í raun má segja að upplausn ríki í mati á stofnstærð rækju við Ísland.

Sá grundvöllur og aðferðafræði sem Hafrannsóknarstofnun notar varðandi úthafs rækju þarf ítarlegrar skoðunar við áður en hægt er að byggja á tillögum sem þaðan koma um kvótasetningu og þar með óþarfa takmörkun á atvinnuréttindum þeirra sem í greininni starfa. Takmörkunum sem að óþörfu kunna að leiða til þess að fyrirtæki í rækjuvinnslu hætti starfsemi, starfsfólk missi vinnuna í stórum stíl, og sú verkþekking tapist sem þó er enn til staðar í þeim fáu rækjuverksmiðjum sem enn starfa.

En verður nú fjallað nánar um þær breytingartillögur sem nú eru sérstaklega til umfjöllunar;

1. Hlutverk Byggðastofnunar

Alfarið er lagst gegn tillögum um að Byggðastofnun verði enn einn milliliðurinn í úthlutun rækjukvóta.

Komi til kvótasetningar er farsælast að Byggðastofnun losi sig við þær aflaheimildir sem hún situr uppi með vegna gjaldþrots þeirra aðila sem hún hefur lánað fé og auglýsi aflaheimildirnar til sölu á almennum markaði.

Úthlutun Byggðastofnunar af því tagi sem lögð er til í frumvarpsdrögunum er ávísun á ágreining og deilur með hugsanlegu pólitísku ívafi. Mikið er tilvinnandi að leggja ekki í þá vegferð.

Þar fyrir utan er í breytingartillögunni tekið fram að Byggðastofnun verði eingöngu heimilt að nýta heimildirnar „til að styðja við byggðalög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi“. Ljóst er að þetta skilyrði mun þá líklega eingöngu verða uppfyllt fyrir eina rækjuvinnslu, sem þar með mun fá stóran hluta aflahlutdeildar í úthafs rækju á silfurfati. Hvers á

Dögun að gjalda í því sambandi, sem þó hefur haldið úti rækjuútgerð af veikum mætti, en vill svo til að er í sama byggðalagi og öflugt kaupfélag sem bæði rekur fiskvinnslu og sláturhús?

Því er harðlega mótmælt að Byggðastofnun verði þarna sett í að skekkja stórlega samkeppnisstöðu milli einstakra rækjuverksmiðja á landinu á grundvelli þátta í viðkomandi byggðalögum sem rækjuverksmiðjunum er algjörlega óviðkomandi.

Breytingatillögunni er ætlað að gera Byggðastofnun kleift að styðja við byggðir landsins samkvæmt greinargerð með breytingatillögunni. Mesti byggðastuðningurinn felst í því að halda áfram með frjálsar veiðar (eftir atvikum með hámarki heildaraflamagns). Þannig er tryggt að sem mest veiðist af rækju til vinnslu á landsbyggðinni. Breytingartillagan vinnur því gegn meginmarkmiðinu sem lýst er í greinargerðinni með breytingartillögunni.

2. Veiðiskylda

Eins og lýst er í fyrri umsögn Dögunar um framangreind frumvarpsdrög þá teljum við afturhvarf til fyrra horfs ótækt - þar sem rækjan var orðin pappírskvóti og skiptimynt á forsendum sem ekki tengdust veiðum á rækju.

En komi til kvótasetningar þá teljum við þó umrætt ákvæði um 50% veiðiskyldu til bóta frá fyrri drögum, en þó allt of lága, og veiðiskylda eigi frekar að vera 90%. Séu fyrri handhafar aflahlutdeildar í rækju svo áfjáðir í að fá endurúthlutun á heimildum í úthafsrækju þá er ekki óeðlilegt að gera ríka kröfu um veiðiskyldu m.a. til að tryggja sannarlega nýtingu á auðlindinni og tilheyrandi verðmætasköpun.

Jafnframt er gerð athugasemd við að ákvæði um veiðiskyldu sé tímabundið við næstu tvö fiskveiðiár. Þannig fyrirkomulag mun líklega leiða til þess að fyrri kvótahafar ýmist fari í tímabundna lágmarksútgerð, eða fái kvótann geymdan hjá öðrum sem stunda rækjuveiðar, og allt fari síðan aftur í fyrra horf að tveimur fiskveiðiárum liðnum.

Dögun leggur því eindregið til, komi til kvótasetningar, að ákvæði um veiðiskyldu er varða úthafsrækju verði ótímabundið.

3. Veiðigjöld

Dögun telur eðlilegt að veiðigjöld fyrir úthafsrækju, rækju á Dhornbanka og rækju á miðunum við Snæfellsnes verði felld niður, eins og lagt er til. Til viðbótar þá leggjum við til að veiðigjöld sem innheimt voru haustið 2013 (fiskveiðiár 2012/2013) verði endurgreidd eða felld niður. Umtalsvert tap var af rækjuútgerð á því tímabili og því glórulaust að íþyngja þeim útgerðum enn frekar með slíkri gjaldtöku.

f.h. Dögunar ehf.

Óskar Garðarsson, frkv.stj.